



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024 ÞINGEYJARSVEIT

Margrét Hólm Valsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs




Hvað er fjárhagsáætlun?

- Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga
- Fjárhagsáætlun afmarkar fjárheimildir sviða og stofnana sveitarfélagsins og er bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til sbr. 63. gr. sveitarstj.laga
- Er eitt helsta stjórnþæki sveitarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum í rekstri og framkvæmdum
- Skiptist í A og B hluta sem saman mynda samstæðu sveitarfélagsins
- Einnig er gerð áætlun um þær fjárfestingar sem sveitarfélagið hyggst leggja út í á árinu.
- Aðaláherslan er á næsta rekstrarár en einnig er verið að áætla stöðu þriggja næstu ára þar á eftir.



A og B hluti – hver er munurinn?

- Starfsemi sveitarfélaga skiptist í A-hluta og B-hluta sem saman mynda samstæðu sveitarfélagsins
 - Innan A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða eða stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta til eða öllu er fjármögnuð af skatttekjum.
 - Innan A-hluta eru hin lögbundnu verkefni sem sveitarfélagið skal sinna.
 - Þessi verkefni eru kölluð málaflokkar 
- Félagsþjónusta
- Heilbrigðismál
- Fræðslu- og uppeldismál
- Menningarmál
- Æskulýðs- og íþróttamál
- Brunamál og almannavarnir
- Hreinlætismál
- Skipulags- og byggingamál
- Umferðar -og samgöngumál
- Umhverfismál
- Atvinnumál

A og B hluti – hver er munurinn?

- Undir B-hluta falla stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sveitarfélagsins.
 - Sem eru að hálfu eða að meirihluta í eigu sveitarfélagsins
 - Sem eru ekki lögbundin verkefni
 - Reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar
 - Hjá Þingeyjarsveit eru þetta:
 - Atvinnuefling Þingeyjarsveitar ehf.
 - Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar
 - Veitustofnanir sveitarfélagsins
 - Hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur
 - Dvalarheimili aldraðra



Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2024

- Lagt fram minnisblað í byggðarráði 10. nóvember og staðfest af sveitarstjórn 23. nóvember.
 - Þar var stuðst við minnisblað um helstu hagtölur sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út í ágúst sl.

Eftirfarandi var lagt til:

- Laun hækkuð skv. meðaltali af launavísitölu eða 7,2%
- Útsvar yrði fullnýtt eða 14,74% sbr. l. mgr. 23. gr. l.nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga
- Áætlað útsvar hækkað um 7,2% skv. fyrirbyggjandi áætlun frá Sambandi íslenska sveitarfélaga
- Almennar gjaldskrár hækkaðar um 7,5%. Þar var horft til þess að illa hefur gengið að ná niður verðbólgu og skv. spám var verið horfa á verðbólgu upp á 7,5% í janúar 2024.



Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2024

- Útsvarsprósentu ársins var breytt í 14,97% á aukafundi sveitarstjórnar þann 28/12/23.
 - Hefur ekki áhrif á heildarálögur á íbúa - á móti lækkar tekjuskattsálagning ríkisins um sama hlutfall
 - Breytt vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga undirritað um miðjan desember
 - Varðar fjármögnun þjónustu við fatlað fólk
- Álagningarhlutföll fasteignaskatta, lóðarleigu, vatns- og fráveitugjalda eru óbreytt á milli ára
- Áætluð hækkun fasteignagjalda á milli ára er 11,7% sem byggir á hækkun fasteignamats á svæðinu
- Annað sem haft var í huga við fjárhagsáætlunargerð ársins
 - Mikil óvissa um kjarasamninga og þ.a.l. launaþróun komandi árs



Bókun sveitarstjórnar vegna þjóðarsáttar

- Þann 25. janúar sl. samþykkti sveitarstjórn Þingeyjarsveitar bókun vegna umræðu um gjaldskrár sveitarfélaga í tengslum við þjóðarsátt.
 - Sveitarstjórn styður þær fyrirætlanir að lögð sé áhersla á langtímakjarasamninga með verðstöðugleika að leiðarljósi.
 - Ef verður af þjóðarsátt þá er Þingeyjarsveit reiðubúin til að leggja sitt af mörkum.
 - Gjaldskrárhækkanir verði endurskoðaðar í tengslum við slíka samninga.
 - Minnt er þó á að einingar líkt og sorphirða eiga að vera sjálfbærar skv. lögum.



Fjárhagsáætlun 2024

Helstu tölur úr áætlum rekstri vegna 2024:

- Tekjur:
 - Útsvar og fasteignaskattur 1.503 m.kr.
 - Framlög Jöfnunarsjóðs 564 m.kr.
 - Aðrar tekjur 474 m.kr.
- Gjöld:
 - Laun og launatengd gjöld 1.406 m.kr. (55% af heildartekjum)
 - Annar rekstrarkostnaður 860 m.kr.

Áætluð rekstrarniðurstaða ársins fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er samtals 264 m.kr.

Áætluð rekstrarniðurstaða 2024 í heild samtals er samtals 26,5 m.kr.



Fjárhagsáætlun 2024

Efnahagsreikningur – eignir A og B hluta

- Efnahagsyfirlit – fastafjármunir samtals 2.624 m.kr.
 - Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 2.376 m.kr.
 - Áhættufjármunir og langtímakröfur samtals 247 m.kr.
- Efnahagsyfirlit – veltufjármunir samtals 503 m.kr.
- Eignir sveitarfélagsins samtals 3.124 m.kr.




Fjárhagsáætlun 2024



- Efnahagsreikningur – eigið fé og skuldir samstæðu (A og B hluti)
 - Eiginfjárreikningar og skuldbindingar
 - Eigið fé samtals 843 m.kr.
 - Lífeyrisskuldbindingar samtals 121 m.kr.
 - Langtímaskuldir
 - Langtímaskuldir samtals 1.570 m.kr.
 - Skammtímaskuldir
 - Skammtímaskuldir samtals 594 m.kr.
- Eigið fé A – hluta er samtals áætlað 817 m.kr.
- Eigið fé A og B hluta er samtals áætlað 843 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall sveitarfélagsins 0,27%

Fjárhagsáætlun 2024

- Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A–hluta verði 188 m.kr. og veltufé frá rekstri A og B hluta verði samtals 234 m.kr.
- Skuldaviðmið Þingeyjarsveitar samkvæmt reglugerð 502/2012 verður skv. áætlun 68,3% en hámarksviðmið er 150%.



Þingeyjarsveit - Fjárhagsáætlun



Fjárhagsáætlun 2025 - 2027

- Helstu niðurstöður samstæðunnar (A og B hluta) vegna áætlunar fyrir árin 2025-2027
- Tekjur 2025 2.685 m.kr – rekstrarniðurstaða ársins 89 m.kr
- Tekjur 2026 2.770 m.kr. – rekstrarniðurstaða ársins 101 m.kr.
- Tekjur 2027 2.881 m.kr. – rekstrarniðurstaða ársins 130 m.kr.
-
- Veltufé þessa þriggja ára er á bilinu 280-300 m.kr.



Málaflokkayfirlit fjárhagsáætlunar



Flokkar

- 02-Félagsþjónusta
- 03-Heilbrigðismál
- 04-Fræðslu – og uppeldismál
- 05-Menningarmál
- 06-Æskulýðs- og íþróttamál
- 07-Brunamál og almannavarnir

Flokkar

- 08-Hreinlætismál
- 09-Skipulags- og byggingarmál
- 10-Umferðar- og samgöngumál
- 11-Umhverfismál
- 13-Atvinnumál
- 21-Sameiginlegur kostnaður

Málaflokkayfirlit – hvað kostar þetta?

- Áætlaðar heildartekjur aðalsjóðs sveitarfélagsins árið 2024 eru 2.162 m.kr.
- Rekstur málaflokka – hvað kostar þetta allt saman?
- Niðurstöðutölur eru settar saman úr tekjum og gjöldum hvers málaflokks og innan sviga hve hátt hlutfall hver málaflokkur er af tekjum aðalsjóðs.
 - Félagsþjónusta 117 m.kr. (5,4%)
 - Heilbrigðismál 7 m.kr. (0,3%)
 - Fræðslu- og uppeldismál 1.226 m.kr. (57%)
 - Menningarmál 128 m.kr. (5,9%)
 - Æskulýðs- og íþróttamál 127 m.kr. (5,9%)
 - Brunamál og almannavarnir 77 m.kr. (3,6%)




Málaflokkayfirlit – hvað kostar reksturinn?

- Áætlaðar heildartekjur aðalsjóðs sveitarfélagsins árið 2024 eru 2.162 m.kr.
 - Hreinlætismál 7 m.kr. (0,3%)
 - Skipulags- og byggingarmál 44 m.kr. (2%)
 - Umferðar- og samgöngumál 67 m.kr. (3%)
 - Umhverfismál 58 m.kr. (2,7%)
 - Atvinnumál 20 m.kr. (0,92%)
 - Sameiginlegur kostnaður 247 m.kr. (11,4%)



Málaflokkayfirlit vegna 2024



Fjárfestingaáætlun 2024



- Samhliða fjárhagsáætlun er unnin fjárfestingaáætlun fyrir næsta ár.
- Fjárfesting ársins gerir ráð fyrir 342 m.kr. fjárfestingum.
 - Meðal verkefna eru:
 - Hitaveituframkvæmdir í Mývatnssveit og Reykjadal
 - Framkvæmdir við væntanlegt (vonandi) hjúkrunarheimili á Húsavík
 - Fjárfesting í búnaði slökkviliðs
 - Framhald göngustígaverkefnis í Mývatnssveit
 - Hönnun og framkvæmdir við leikskólann Tjarnaskjól
 - Upphaf þakviðgerða við Stórutjarnaskóla
 - Framkvæmdir við gámaplön
 - Frágangur við íbúð við Melgötu
 - Framkvæmdir við nýtt ráðhús
 - Ásamt mörgum fleiri verkefnum er varða m.a. öryggis- og brunamál ásamt fráveitum í húsnaði sveitarfélagsins.

Takk fyrir áheyrnina

